

FUNDARGERÐ

55. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn miðvikudaginn, 21. nóvember 2007, kl. 15:00, í húsnæði K.H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Meyvant Þórólfsson, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Eyrún Rúnarsdóttir og Sigurjón Mýrdal boðuðu forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin samþykkt.

Ráðstefna á vormisseri 2008 (haldin laugardaginn, 23. febrúar, kl. 9:00 - 15:00, í Hamri, Kennaraháskóla Íslands, tengd atburðum í tilefni af 100 ára afmæli kennaramenntunar á Íslandi).

- Samþykkt að yfirskrift ráðstefnunnar verði Kennaramenntun í 100 ár → Nám og lýðræði á 21. öldinni.
 - Aðalfyrirlesari verður Dr. Penelope L. Lisi, prófessor við Central Connecticut State University, Department of Educational Leadership, og mun fyrirlestur hennar fjalla um efni sem tengist námi og lýðræði.
 - Samþykkt að frestur til að skila tillögum að fyrirlesturum (30. mín.) verði til fimmtudags 10. janúar 2008.
 - Stofnuð verður undirbúningsnefnd og munu Amalía og Sigurlína sitja í henni. Leitað verður til tveggja aðila í viðbót til að sitja í nefndinni.
2. Námskeið á vegum FUM fyrir rannsakendur. Haldin voru þrjú námskeið laugardaginn 3. nóvember sl. (Word, Exel og N-Vivo). Formaður greindi frá því að þau hefðu verið vel sótt og þótt takast vel.
 3. Orðasafn á sviði menntunarfræða. Gerður lagði fram yfirlit yfir fyrirliggjandi orðasöfn á sviði menntunarfræða, alls 7 rit (*Orðaskrá úr uppeldis- og sálarfræð frá 1986*, *Orðaskrá um skólamál og sálar- og menntafræði*, alls fjögur hefti, hvert um sitt svið (1998-2003), *Orðgnótt. Orðalisti í almennri sálarfræði* (2006) og *Orðaskrá í lestrarfræðum* (2007). Jafnframt greindi Gerður frá viðræðum sínum við nokkra aðila sem unnu að þessum söfnum og aðila sem hugsanlega hefðu áhuga á frekari iðorðasmíði á sviði menntunarfræða.
 4. Staða mála hjá Tímariti um menntamál. Frestað.
 5. Ritnefnd TUM. Rætt um endurnýjun ritnefndar.
 6. Næsti fundur stjórnar ákveðinn 18. desember, kl. 15:00, í Bolholti 6.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.00.
G.G.Ó.